

LOFTPRESSUR

MÍÐVIKUDAGUR 21. DESEMBER 2011

LOFTPRESSUR FRÁ SINDRA

Hér gefur að líta nokkrar af þeim loftpressum sem Sindri býður upp á.



Sindri uppfyllir óskirnar með hágæða loftpressum

Sindri býður Atlas Copco-loftpressur fyrir allar gerðir og þarfir loftveitna, jafnt stórar sem litlar, ásamt lausnum sem uppfylla loftþarfir hvers og eins.

Hjá Sindra finnst hágæða loftpressur í úrvali fyrir allt frá einyrkjum yfir í stærstu fyrirtæki landsins, og sniðnar að þörfum hvers og eins,“ segir Kristján Páll Hrafnkelsson, framkvæmdastjóri Sindra sem þjónar jafnt bílskúrsköllum yfir í álver, sjúkrahús, tannlæknastofur og lyfja- og matvælaíðnaðinn, ásamt flestu þar á milli.

„Við eigum hljóðlátar stimpilloftpressur fyrir minni verk, skrífuloftpressur fyrir mikið vinnuálag á verkstæðum, olúfírar loftpressur fyrir matvæla- og lyfjageirann, þar sem þörf er á gæðalofti, og loftpressur fyrir hreint og þurrt loft á sjúkrahúsum og fyrir tannlækna, þar sem loft er notað sem öndunarloft fyrir sjúklinga,“ útskýrir Kristján Páll og bætir við loftþurrkurum, fínsúbúnaði og öllum aukabúnaði við loftveitukerfi, ásamt loftgæðalausnum fyrir alla framleiðslu á matvælum.

Kristján Páll útskýrir að loftpressa sé í raun loftþjappa sem þrýstir lofti yfir í verkfæri og tæki til að knýja þau áfram.

„Loftpressur koma í mörgum stærðum og gerðum, og framleiða allt frá 2 upp í 7.547 lítra af lofti á sekúndu. Loftveita er ein af líflínum flestra iðnfyrirtækja hérlendis og erlendis,



Kristján Páll Hrafnkelsson er framkvæmdastjóri Sindra.

og stærstur hluti viðskiptavina okkar fyrirtæki sem hafa loftlagnir um fyrirtæki sín þannig að notendur sem staðsettir eru víða um hús geti tekið út loft í verkfæri sín. Þá eru loftpressur notaðar til að keyra áfram færibönd, eins og í matvælaíðnaði. Loft heldur því hlutunum gangandi yfir daginn og er í flestum

fyrirtækjum eitt mikilvægasta verkfærið í rekstrinum,“ upplýsir Kristján Páll.

Með réttri uppsetningu getur Sindri fullnýtt loftveitur til að auka framleiðni og ná fram 100 prósentu nýtingu glatvarma.

„Rafmagni er dælt inn í loftpressu til að fá út þjappað loft, en til að ná þeirri orku út aftur

er hægt að taka út heitt vatn og láta loftpressuna hita upp vatnið til endurnýta orkuna sem sett var í loftpressuna. Þannig verður framleiðslan öll umhverfisvænni,“ segir Kristján Páll.

Sindri býður viðskiptavinum einnig margvíslega þjónustu við loftveitukerfi fyrirtækja, þar sem loftveitan er kortlögð og nauðsynlegar úrbætur settar á blað.

„Þá metum við kostnað við úrbætur og setjum framtíðarsparnað í krónur til að hámarka orkunýtingu, lækka útgjöld og hafa umhverfismál að leiðarljósi.“

Kristján Páll segir samkeyrslu loftpressa eitt það mikilvægasta við stærri loftveitukerfi til að hámarka hagkvæmni í stjórnun. „Því er stýribúnaður loftveita mjög þarfur hlutur, með honum er ekki tekið inn meira loft en þarf og má spara allt að 30 prósent orku,“ útskýrir Kristján Páll.

„Við vöndum valið fyrir okkar viðskiptavini, liðsinnunum þeim með lausnir frá A til Ö, og ávallt með að leiðarljósi hvað þeir ætla að gera með loftpressuna og hvað þeir þurfa að ná út úr loftveitukerfinu.“

Sindri er á Viðarhöfða 6 í Reykjavík og Bæjarhrauni 12 í Hafnarfirði. Aðalsímanúmer er 575 0000. Heimasíða er www.sindri.is



Gunnar S. Gunnarsson tekur á móti viðskiptavinum á verkstæði Sindra sem sinnir fyrirbyggjandi viðhaldi á Atlas Copco-loftpressum og loftveitubúnaði.

MYND/HAG

SINDRI TRYGGIR FYRIRBYGGJANDI VIÐHALD

Véladeild Sindra sinnir viðgerðum á öllum loftpressum og loftveitubúnaði. Sérþjálfaðir tæknimenn Sindra eru í stakk búinir til að sinna þjónustu á öllum gerðum af loftbúnaði. Þjónustudeild veitir ráðgjöf við uppsetningu og viðhald loftkerfa.

Sindri býður upp á þjónustusamninga sem eru sérsníðnir eftir þörfum mismunandi loftveitna, hvort sem þær eru stórar eða litlar. Þjónustusamningur tryggir sparnað, rekstraröryggi og aukna endingu loftveitna. Einnig skuldbindur Sindri sig til að halda þjónustudagbók og skilar inn viðhaldssögu eftir hverja heimsókn, sem er þó aldrei framkvæmd nema með samþykki kaupanda hverju sinni.

Sindri býður upp á fría úttekt á loftkerfi. En í framhaldi úttektar fær viðkomandi skýrslu, með það að markmiði að ná fram betri nýtni út úr loftkerfi viðkomandi fyrirtækis.

Settu þig í samband og sjáðu hvort við getum orðið þér að liði.

Hámarks orkunýting

- Skiptir sköpum í rekstri

Notkun á þrýstilofti fer sífellt vaxandi. Iðnvélar ehf. að Smiðjuvegi 44-46 hafa í mörg ár verið einn af stærstu og öflugustu þjónustu- og söluaðilum á loftpressum til iðnaðar.

„Áður voru 3-5 hestafla stimpilpressur algengastar en nú er notkunin í smærri iðnfyrirtækjum að færast yfir í 7-15 hestafla skrúfu- og spjaldapressur,“ segir Guðmundur Harðarson þjónustustjóri hjá Iðnvélum ehf.

Hjá Iðnvélum fást allar gerðir af loftpressum: Stimpilpressur frá 1,1-15 Kw fyrir minni fyrirtæki, Skrúfu- og spjaldapressur frá 7,5-400 Kw fyrir meðalstór og stærri fyrirtæki og Turbó-Centrifugal – 300-1500 Kw fyrir stórnotendur. Iðnvélar ehf. bjóða loftpressur frá samsteypunni Gardner Denver og CompAir Hydrovane sem eru þekkt merki á Íslandi.

Við kaup á loftpressu segir Guðmundur mikilvægt að huga að orkunýtingu loftpressunnar ekki síður en að horfa í kaupverðið. „Það vill brenna við að menn gera sér ekki grein fyrir að loftpressan er oft einn mesti orkunotandinn í viðkomandi fyrirtæki. Þegar menn setjast niður og reikna út orkuneyslu meðalstórrar loftpressu, getur rafmagnskostnaður einn og sér verið um hálf milljón á ári. Þá getur 10-20% betri orkunýting skipt sköpum,“ segir Guðmundur.

Til margra ára hafa tæknimenn Iðnvéla ehf. þjónustað viðskiptamenn sína með þrýstiloft, aðstoðað við útreikning og hönnun á kerfum, sett upp vélar og séð



Sérhæfðir tæknimenn sjá um reglubundið efirlit.

MYND/IÐNVÉLAR EHF

um viðhald á loftkerfum. Fjöldi fyrirtækja nýtir sér reglubundna viðhaldsþjónustu Iðnvéla til að tryggja rekstraröryggi sitt og segir Guðmundur þessar áherslur ört vaxandi hjá viðskiptamönnum Iðnvéla ehf. Þá eykst fjöldi stórfyrirtækja sem nota þrýstiloft með hverju ári.

„Stærri iðnfyrirtæki geta verið að nota loftpressur með hálf og heilt megawatt í orkuþörf. Áætlað er að um 10% af orkuþörf heimsins fari í að reka loftpressur og því er hámarksorkunýting gríðarlega mikilvæg,“ segir Guðmundur.

„CompAir Hydrovane er með háþróaðar rannsóknarstofur í Þýskalandi þar sem áhersla er

lögð á orkunýtingu og um leið á umhverfisvernd. Kröfur um gæði þrýstilofts hafa aukist um leið og kröfur um orkunýtingu

og CompAir Hydrovane er einnig með eitt stærsta úrval af olíufríum loftpressum, fyrir lítil og stór fyrirtæki, matvælaíðnað, lyfjaiðnað eða hátækniíðnað,“ segir Guðmundur.

„CompAir Hydrovane tryggir nærgætni við umhverfið, hámarks orkunýtingu og rekstraröryggi og því geta Iðnvélar ehf., boðið heildarlausnir fyrir þrýstiloft, í hvaða notkun sem er.“

Nánari upplýsingar er að finna á www.idnvelar.is.



Loftpressur eru notaðar til að dæla lofti á köfunarkúta.

Nota helíum á miklu dýpi

Eitt af hlutverkum loftpressa er að setja loft á köfunarkúta.

Fyrir daga loftkúta voru ýmis ráð reynd til köfunar. Talið er að lista- og vísindamaðurinn Leonardo da Vinci (1452-1519) hafi hannað kafarahjál úr leðri með hvössum oddum til varnar sæskrímslum. Enski vísindamaðurinn Edmund Halley smíðaði árið 1716 svonefnda köfunarbjöllu sem gerði mönnum kleift að vera neðansjávar í um klukkustund. Rúmlega hundrað árum síðar, eða 1837, var fyrsti alvöru vatns-heldi gúmmibúningurinn með kafarahjálmi hannaður. Sá búningur var tengdur loftdælu á yfirborðinu.

Saga nútímaköfunar hefst árið 1943 þegar franskur kafarinn og sjávarfræðingurinn Jacques-Yves Cousteau og landi hans, verkfræðingurinn Émile Gagnan, hönnuðu fyrsta loftkútinn sem stýrðist af andardrætti kafarans. Þeir nefndu tækið vatnslunga og það varð fljótlega mjög vinsælt vegna þess hversu ódýrt það var og auðvelt í notkun.

Loftkútur kafara inniheldur um 78% köfnunarefni og 21% súrefni. Vatnsþrýstingur stjórnað því hversu mikið af þessum efnum fer út í blóð kafarans. Þeim mun dýpra sem farið er þeim mun meira fer af köfnunarefni og súrefni út í blóðið. Ef óreyndur kafari fer niður fyrir 40 metra dýpi getur hann dáið af völdum súrefniseitrunar eða kafaraveiki. Of mikið súrefni í blóðinu getur leitt til krampafloga og þá er hætt á því að kafarinn drukknir. Of mikið af köfnunarefni getur brenglað taugakerfi kafarans og gert hann ringlaðan og syfjaðan.

Á miklu dýpi er notað helíum í stað köfnunarefnis í loftkúta. Þegar reynt er að hafa samband við kafara sem starfa við viðgerðir á miklu dýpi er þess vegna engu líkara en í undirdjúpunum starfi teikni-myndapersónur sem tala í falsettu en ekki reyndir kafarar.

Heimild: www.visindavefur.is

CompAir loftpressur fyrir verktaka og iðnað



ÁSAFL EHF

Hjallahraun 2 – 220 Hafnarfjörður
s. 562 3833
www.Asafl.is – Asafl@Asafl.is



LOFTÞJÖPPUN Í KAFFIVÉL

Loftþrýstingur hefur ýmis notagildi og hefur til dæmis verið notaður til að brugga kaffi. AeroPress er kaffivél sem Alan Adler fann upp árið 2005. Kaffið er látið liggja í bleyti í tíu sekúndur áður en því er þrýst í gegnum þetta pappírssíu. Tækið samanstendur af tveimur hylkjum. Annað þeirra er með gúmmihulsu og passar inn í stærra hylkið en við það myndast loftþétting líkt og í sprautu. Framleiðendur segja kaffið álíka sterkt og espresso kaffi en í allt tekur um 30 sekúndur að laga kaffibolla.

Þó að þessi kaffivél sé svipuð frönsku pressunni er hún ekki eins. Skiptir þar mestu loftþrýstingurinn sem er notaður til að ná meira bragði úr kaffinu en auk þess tekur styttri tíma að laga kaffið.

Heimild: Wikipedia



Loftpressur eru mikið notaðar á dekkjaverkstæðum.

NORDICPHOTOS/GETTY

LOFTPRESSUR ERU TIL ÝMISSA HLUTA NYTSAMLEGAR

Loftpressa er tæki sem breytir orku (venjulega frá rafmótor, dísil-mótor eða bensín-mótor) í hreyfiorku með því að þjappa saman lofti, sem, þegar á þarf að halda, er hægt að losa út í snöggum skömmtum. Dæmi um gerðir loftpressa eru til dæmis skrúfupressur, stimpilpressur, olíufriar pressur og háþrýstipressur.

Venjulegar loftpressur eru notaðar við hin ýmsu tilefni.

- Til að setja hreint loft á gashylki.
- Til að setja hreint loft í köfunarkúta.
- Til að knýja loftkælingarkerfi í skólum og á vinnustöðum.
- Til að knýja hin ýmsu handverkfæri, á borð við slípirokka, loftlykla og loftmeitla.
- Til að pumpa lofti í dekk.
- Loftpressur eru notaðar töluvert í iðnaði við ýmis ferli.

Heimild: wikipedia.org

ELDVARNIR

MÍÐVIKUDAGUR 21. DESEMBER 2011

Kynningarblað

Slökkvitæki
Reykskynjarar
Flóttáætlun
Brunastigi
Brunaslöngur
Viðvörðunarkerfi



Helgi Guðmundsson hjá Öryggismiðstöðinni segir reykskynjara bjarga mannslífum en önnur mikilvæg öryggistæki eru eldvarnarteppi og slökkvitæki.

MYND/STEFÁN

Eru þínar eldvarnir í lagi?

Öryggismiðstöðin hefur sérhæft sig í eldvörnum og selur bæði mikilvæg tæki og tól til forvarna sem og hjálpartæki ef elds verður vart. Þá eru öryggiskerfi þeirra og neyðarhnappar tengd við reykskynjara.

Eldhætta er mikil um þetta leyti árs. Er það vegna ýmissa atriða, svo sem mikillar ljósanotkunar, þar sem alls konar sérur eru í gangi, kerti og kertaskreytingar. Ef ekki er farið gætilega geta orðið eldsvoðar,“ segir Helgi Guðmundsson, vörustjóri brunavarna hjá Öryggismiðstöðinni.

Helgi segir að þrátt fyrir að fólk sé orðið mjög meðvitað um þessar hættur og rétta umgengi séu alltaf einhverjir sem freistist til að fara ódýrari leiðina; noti gamlar sérur sem eru úr sér gengnar, óvönduð kerti og eru ekki með stöðuga undirstöðu. „Við þurfum að vera með það á hreinu að kertin komist ekki í gardínur og að aldrei sé farið frá logandi kerti.“

Eldvarnir eru góð jólagjöf

Helgi minnir á vefsíðu Öryggismiðstöðvarinnar, www.oryggi.is, þar sem finna má netverslun fyrir eldvarnarvörur. „Vörurnar eru meira og minna á tilboðum í desember og hægt er að fá vörurnar sendar heim. Eldvarnir eru tilvalin jólagjöf til þeirra sem þér er annt um.

Því má bæta við að heimaöryggiskerfi taka ekki aðeins til innbrota heldur fylgja einnig reyk- og vatnsskynjarar kerfinu. Ef reykskynjari í heimakerfi fer af stað sendir kerfið samstundis boð til stjórnstöðvar. Ég minni á að öryggisráðgjafar okkar eru ávallt reiðubúnir að heimsækja fólk og veita ókeypis öryggisráðgjöf.“

Reykskynjarar tengdir saman

Helgi segir að í eldvörnum þurfi fólk aðallega að hafa þrennt í huga. „Reykskynjarar gefa okkur vitneskju um að hugsanlega sé kviknað í og hafa margsannað það og sýnt að þeir geta bjargað mannslífum.“ Og ýmsar gerðir eru til af heimilisreyskynjurum. „Jónískir reykskynjarar bregðast fljótt við reyk sem myndast við snöggan bruna, þar sem eldurinn er opinn og hitinn mikill, svo sem ef það kviknar í gluggatjöldum. Optískir reykskynjarar bregðast fyrr en jónískir skynjarar við köldum reyk, sem kemur til dæmis í glóðabruna frá rafmagnstækjum og af reyk sem hefur þurft

að fara lengri leið, frá bruna til dæmis á annarri hæð eða í annarri álmu, og hefur þá náð að afjóna sig og samlagast loftinu. Það getur til dæmis hent að jónískir skynjarar skynji ekkert við slíkar aðstæður.“

Fáanlegir eru skynjarar sem hægt er að tengja saman og virka þeir þá þannig að ef einn fer í gang pípa allir. Líftími reykskynjara er almennt tíu ár og til eru skynjarar sem eru með rafhlöðu sem endist í 10 ár, og ekki hægt að taka rafhlöðuna úr skynjaranum. Algengast er hins vegar að skipta þurfi um rafhlöðu árlega og er gott að gera það að reglu fyrir jólin. Allir skynjarar á markaðnum gefa frá sér viðvörðunartíst þegar rafhlaðan er orðin léleg. Heyrist þá í skynjaranum einu sinni á mínútu og ef fólk er ekki heima þá halda skynjararnir áfram í 30 daga. Ef fólk hefur verið lengi á ferðalögum er gott að prófa reykskynjarann þegar komið er heim. Til hliðar á síðunni er farið yfir þær mikilvægu aðgerðir sem gera þarf ef eldur kviknar: Bjarga-hringja-slökkva.

Gott að teikna plan

„Gott er að fjölskyldan sé búin að útbúa flóttáætlun þannig að allir séu meðvitaðir um að það séu til tvær leiðir til að komast út úr íbúð ef eldur kemur upp og einnig að staður sé valinn utandyra þar sem allir skulu hittast á þegar komið er út. Gott er að teikna upp einfalt plan, ræða það og æfa. Stundum þarf að koma sér upp björgunarstigum sem hægt er að henda út um gluggann. Þá er að hringja í 112. Tvær gerðir slökkvitækja eru einkum ætlaðar fyrir heimili, 6 kg dufttæki og 6 lítra léttvatnstæki og það er mikilvægt að þau séu yfirfarin árlega.“

Að lokum minnir Helgi á hvernig neyðarhnappurinn getur einnig komið eldri borgurum og sjúklingum til hjálpar ef elds verður vart. „Hnappurinn hefur fyrst og fremst verið hugsaður fyrir fólk ef það dettur eða er mjög veikt, að það geti ýtt á hnappinn og komist þá í talsamband við okkur. En partur af þessum hnappi er hins vegar líka reykskynjari sem hringir inn til stjórnstöðvar okkar.“

WWW.ORYGGI.IS

Vefverslun með eldvarnir er að finna á heimasíðu Öryggismiðstöðvarinnar, www.oryggi.is. Þar er auðvelt að versla allt til eldvarna heimilisins og jafnframt hægt að fá vörur heimsendar. Á síðunni eru einnig góðar og ítarlegar upplýsingar um eldvarnabúnað og margs konar eldvarnaráð.

Bjarga-hringja-slökkva eru

lykilorðin þrjú ef elds verður vart eða reykskynjari fer í gang. Gott er að vera með flóttáætlun tilbúna og hafa farið yfir hana með fjölskyldunni. Ef íbúðin er á efri hæð er hægt að koma sér upp björgunarstigum sem má henda út um gluggann en þeir ná að jafnaði niður þrjár hæðir. Þá er mikilvægt að allir á heimilinu kunni símanúmerið 112, jafnt ungir sem aldnir. Ekki er gert ráð fyrir að fólk noti lyftur ef bruna verður vart.



Slökkvitæki fyrir heimilið

eru til í nokkrum gerðum. Dufttæki eru fyrir alla eldflokka en eldflokkar eru þrír. A táknar eld í föstum efnum, húsgögnum, timbri og gólfefnum. B er fyrir eld í eldfimur vökvum, fitu og bensíni til dæmis. C er eldur í gasi. Heppileg stærð fyrir heimili af duftslökkvitæki er 6 kg. Ef fólk notar dufttæki til að slökkva eld í föstum efnum þarf að gæta að því að slökkva glóð með vatni á eftir, því glóðin getur verið inni í efninu. Þá eru til svokölluð léttvatnstæki, fyrir elda í A og B flokki sem henta ekki á gas. Þau skilja eftir sig minni óhreinindi en dufttækin en ef fólk notar gas er vissara að eiga dufttæk-ið. Mikilvægt er að kynna sér leiðbeiningar utan á tækjunum áður en elds verður vart.



Eldvarnarteppi er æskilegt að eiga. Ef kviknar í potti á eldavel eða kertaskreytingu er hentugt að slökkva með því að breiða teppið yfir eldinn. Ef kviknar í potti er mikilvægt að fara ekki neitt með pottinn, slökkva bara undir og kæfa eldinn með því loka pottinum með teppi og jafnvel pottloki. Kosturinn við teppið er að með því hlífir fólk höndunum.



Mörg heimili berskjölduð

Kannanir benda til að eldvarnir á heimilum landsins sé verulega ábótavant. Methúsaleм Hilmarsson, forstöðumaður forvarna hjá Tryggingamiðstöðinni Síðumúla 24, segir nauðsynlegt að bæta úr því og sérstaklega fyrir jól þar sem þeim fylgi aukin eldhætta.

Nú þegar jólin fara senn í hönd skiptir máli að gera sérstakar varúðarráðstafanir varðandi eldvarnir heimilanna segir Methúsaleм Hilmarsson, forstöðumaður forvarna hjá Tryggingamiðstöðinni.

„Við höfum áhyggjur af því hve mörg heimili í landinu eru berskjölduð fyrir eldsvoðum. Kannanir benda til að allt of mörg heimili eða yfir helmingur sé án reykskynjara, slökkvitækis eða eldvarnateppis sem við teljum lágmarksbúnað. Þá sé um þriðjungur heimila með engan eða aðeins einn reykskynjara. Þau fengu því litla eða enga viðvörn ef eldur yrði laus að næturlagi.“

Methúsaleм segir hægan leik að bæta úr eldvörnum heimilisins. Best sé að setja kaup á reykskynjara í algjöran forgang. „Ætti ég að setja einstök atriði í eldvörnum heimilanna í forgangsörð þá færi reykskynjari efst á listann. Reykskynjarar eiga skilyrðislaust að vera á hverju heimili, helst í hverju herbergi og þá sérstaklega svefnherbergjum, enda er algengt að í sumum, svo sem barna- og unglingaherbergjum sé fjöldi rafmagnstækja, tölvur, sjónvörp, DVD-spilarar, hljómfutningstæki og fleira. Ef eldur kemur upp þá virka reykskynjarar og margir eiga þess-



„Ef eldur kemur upp þá virka reykskynjarar og margir eiga þessum ódýru tækjum líf sitt að launa,“ segir Methúsaleм, hér með brot af þeim búnaði sem fæst hjá Ólafi Gíslasyni, Eldvarnarmiðstöðinni Sundaborg 7. MYND/STEFAN

um ódýru tækjum líf sitt að launa.“

Methúsaleм segir að ekki sé nóg að eiga reykskynjara því þá þurfi reglulega að yfirfara til að tryggja virkni þeirra. „Við hvetjum alla til að skipta um rafhlöðu í skynjaran-

um einu sinni á ári, án tillits til þess hvort hann lætur heyra til sín eða ekki. Gott er að velja sér ákveðinn tíma til rafhlöðuskipta, til dæmis fyrir jól. Svo þarf að skipta reglulega um skynjara en líftíminn er al-

mennt tíu ár. Gamall eða rafhlöðulaus reykskynjari gefur falskt öryggi.“

Methúsaleм hvetur sem flesta til að kíkja á heimasíðu Tryggingamiðstöðvarinnar á www.tm.is og kynna

Reykskynjarar eiga skilyrðislaust að vera á hverju heimili...

INNIG ER MIKILVÆGT AÐ GERA EFTIRFARANDI:

- Setjið upp flóttáætlun. Ekki geyma það þangað til það er orðið of seint.
- Gangið úr skugga um að ástand rafmagnsmála á heimilinu sé gott og standist lög um rafmagnsöryggi. Biliðar rafmagnssnúrir og innstungur á að laga sem fyrst.
- Geymið eldspýtur og kveikjara þar sem börn ná ekki til.
- Skiljið ekki eftir logandi kerti í mannláusum herbergjum.

sér betur upplýsingar um eldvarnir heimilanna. Þá segir hann TM bjóða viðskiptavinum sínum að kaupa eldvarnabúnað á sérkjörum hjá Ólafi Gíslasyni, Eldvarnarmiðstöðinni Sundaborg 7.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmenn auglýsinga: Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is s. 512 5429 Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

Fullt hús af öryggi

Hvað, hvar, hvernig?

Til þess að sporna við eða koma í veg fyrir tjón af völdum elds og vatns á heimilinu er mikilvægt að réttar forvarnir séu til staðar. Að sama skapi er einnig nauðsynlegt að forvarnartækjum sé komið fyrir á réttum stöðum og ekki síður að allir í fjölskyldunni kunni að nota þau á réttan hátt.

/// Jónískur reykskynjari

Skynjar ósýnilegar, lyktarlausar og sýnilegar lofttegundir, sem myndast við bruna á byrjunarstigi. Jónískir skynjarar henta vel í stofur, herbergi, stigaganga, geymslur, geymsluganga og víðar.

/// Optískur reykskynjari

Skynjar sýnilegan reyk og er háður rakastigi, hitastigi og loftræstingu. Hentar sérstaklega vel við eldhús.

/// Vatnsskynjari

Vatnsskynjaranum er komið fyrir niður við gólf þar sem vænta má vatns. Mjög góð viðvörn við alltof algengum óhöppum.

/// Léttvatnsslökkvitæki

Mjög hentugt á heimili og í sumarhús. Léttvatnsslökkvitæki má nota á rafmagns-elda upp að 1000 voltum en mikilvægt er að vera þá í minnst eins metra fjarlægð.



Neyðarnúmer

112

Tjónanúmer TM

800 6700

Kertin eru varasöm um jólin

Yfir helmingur bruna á heimilum tengist rafmagni og rafmagnstækjum þegar litið er til alls ársins. Í desember breytist þetta hlutfall þar sem brunar tengdir kertum, kertaskreytingum og flugeldum eru algengastir. Sigrún A. Þorsteinsdóttir, forvarnarfulltrúi hjá Vátryggingafélagi Íslands, VÍS, segir mikilvægt að fólk hugi að eldvörnum á heimilum, sérstaklega á þessum tíma árs. Reykskynjara segir hún mikilvægasta öryggistækið á heimilum.

Jólin eru flestum ákaflega mikilvæg og því enn verra en ella að missa heimili sitt í bruna á þessum tíma ársins,“ segir Sigrún A. Þorsteinsdóttir, forvarnarfulltrúi hjá VÍS, og bendir á að þótt bruninn sé ekki mikill geti skemmdirnar verið mjög alvarlegar. „Reykur og sót frá tiltölulega litlum bruna smýgur út um allt og verður til þess að hreinsa þarf alla íbúðina og mála allt því reykjarlyktina er oft ekki hægt að viðra.“

Reykskynjarinn mikilvægastur

Af þeim eldvarnabúnaði sem þarf að vera á hverju heimili er reykskynjarinn mikilvægastur að sögn Sigrúnar. „Slíkur þarf að vera á hverri hæð og í hverju herbergi þar sem eru raftæki,“ segir hún og bendir á að enn séu til heimili þar sem ekki séu reykskynjarar uppi þótt þeim fari fækkandi. „Svo eru líka heimili þar sem reykskynjarar eru uppsettir.“

Sigrún tekur dæmi um mátt reykskynjarans. „Samkvæmt tölum Mannvirkjastofnunar hafa 56 einstaklingar látist í brunum hér á landi frá árinu 1979. Einungis í einu þessara tilfella var virkur reykskynjari til staðar. Í hinum 55 var reykskynjari ekki til staðar eða hann ekki virkur.“

Hún segir rétta uppsetningu á reykskynjurunum mikilvæga. „Það þarf að passa að hafa þá a.m.k. 30 sm frá vegg og ljósi,“ segir hún og bendir á að hægt sé að nálgast upplýsingar um uppsetningu skynjaranna í handbók heimilisins sem Eldvarnarbandalagið gaf út á síðasta ári.

„Reykskynjarar eru næmir og fara af stað nokkrum sekúndum eftir að eldur kviknar. Reykskynjarar gefa manni því dýrmætun tíma til að koma sér og öðrum út úr íbúðinni,“ segir Sigrún og bendir á að reykskynjari kosti um þúsund krónur. „Þetta er því mjög ódýrt öryggi,“ segir hún og bendir á að góð regla sé að skipta um batterí í reykskynjurum einu sinni á ári, og fínt að nýta adventuna í það.

Sjáanlegar eldvarnir

Slökkvitæki og eldvarnarteppi eru einnig nauðsynleg á heimilum og verða að vera sjáanleg. „Fólk



Sigrún A. Þorsteinsdóttir og Gísli Níls Einarsson, forvarnarfulltrúar hjá VÍS, segja mikilvægt að huga að eldvörnum bæði heimila og fyrirtækja fyrir jólin.



Hér hefur orðið tjón vegna flugelds sem flogið hefur gegnum opinn glugga.

verður að vita af þeim og kunna að nota þau,“ segir Sigrún og segir eldvarnarteppi koma að litlum notum ofan í skúffu ef enginn veit af því þar.

Þá er mikilvægt að fólk hugi að flóttaráætlun. „Nauðsynlegt er að tvær flóttaleiðir séu úr hverri íbúð og ef á þarf að halda þarf að gera ráðstafanir eins og að setja upp brunastiga.“

Hugum að gæðum kerta

Brunum vegna kertaskreytinga fjölga mjög í desember. „Það er þó mjög jákvætt að færri brunar hafa orðið vegna kerta og kertaskreytinga það sem af er jólahátíð-



Eldsvoðar út frá eldavélum eru æði algengir og nauðsynlegt að hafa bæði eldvarnarteppi og slökkvitæki nærri.

inni í ár ef litið er til tölfraði VÍS,“ segir Sigrún og vonar að almenn-ingur hugi betur að þessum þáttum en áður. Hún segir mikilvægast að fólk noti trausta undirstöðu undir kertin í skreytingunum og þar komi kramarhúsin sterk inn. „Þá þurfum við að huga að gæðum kertanna því við höfum til dæmis fengið til okkar tilkynningar um sprittkerti í krukum sem springa undan kertunum.“

Flugeldaslys eru einnig algengust á þessum árstíma. Annars vegar geta flugeldar valdið bruna þegar þeir fljúga til dæmis inn um glugga og hins vegar geta þeir valdið slysum vegna fiks og

þess að ekki er farið eftir leiðbeiningum. „Því miður eru alltaf einhverjir sem fíka með flugelda, búa til sínar eigin sprengjur og setja þá t.d. í ruslakassa og póstkassa.“

Geymum gasið úti

Gaseldavélar eru orðnar nokkuð algengar á íslenskum heimilum. „Mikilvægt er að fólk sé með gasskynjara og merki hvort gaskúta sé að finna í íbúðunum. Því ef kviknar í er gott fyrir slökkviliðið að vita að hverju það gengur,“ útskýrir Sigrún. Hún segir alvarleg tjón hafa orðið vegna gass þar sem kútar eða lagnir hafi verið í óstandi. „Gaskútana er best að

geyma utandyra og lagnir þarf að yfirfara og skipta út með minnst fimm ára millibili,“ áréttar hún.

Opinn eldur

Nokkur dæmi eru um að hús hafi brunnið vegna notkunar á arin-stæðum og kamínunum. „Þar skiptir máli að fólk hugi að veðri því þegar vindur er mikill og mikill trekkur er hætta á að reykörin hitni það mikið að kvikni í út frá þeim,“ segir Sigrún og brýnir fyrir fólk að hreinsa reykörin. Þá þurfi einnig að passa að hafa til taks slökkvitæki.

Svokallaðir etanólarnar hafa átt vinsældum að fagna á heimilum landsins. Sigrún bendir á nýlegt dæmi þar sem kona brenndist þegar hún var að bæta etanóli á arinn. „Mikilvægt er að fólk fari eftir leiðbeiningum frá a til ö. Ein af grunnreglunum er að bæta aldrei etanóli á arinn þegar kveikt er á honum því loginn getur farið með vökvanum upp í brúann og það sama á við þegar verið er að grilla á grillkolum.“

Flestir brunar út frá rafmagni

Helmingur allra bruna verður út frá rafmagni á ári hverju. Þar af eru brunar frá eldavélum algengastir. Þá eru einnig nokkur dæmi um að eldur verði laus í húsum vegna slæmra tenginga í rafkerfi húsa. Þá má nefna lampa og perustæði en mikilvægt er að perur séu ekki sterkari en gefið er upp.

Túpusjónvarpstækin eru ávallt varasöm og nauðsynlegt að slökkva alveg á tækjunum, ekki bara með fjarstýringu.

Þurrkara þarf að hreinsa reglulega svo ekki safnist of mikil ló sem kviknað getur í.

Fartölvur geta verið varasamar. Mikilvægt er að slökkva á þeim eftir notkun og alls ekki skilja fartölvur eftir á mjúku undirlagi eins og uppi í rúmi. Til eru dæmi um að kviknað hafi í út frá þeim þegar þær eru settar á þannig undirlag. Sérstaklega er brýnt að minna börn og unglinga á þessa staðreynd.

Ljósaseríur eru algengar í desember. Gæta þarf að því að skipta út perum sem eru ónýtar og setja í staðinn perur af réttum styrkleika.

Fyrirtækin gerð eldklár fyrir jólin

„Á þessum árstíma er sérstaklega mikilvægt að huga að umgengni utandyra hjá fyrirtækjum,“ segir Gísli Níls Einarsson forvarnarfulltrúi hjá VÍS. Hann segir brýnt að flokka strax það mikla rusl sem fylgi desembermánuði og setja á rétta staði svo ekki safnist fyrir óþarfa eldsmatur. „Þá er afar mikilvægt að gæta að ruslagámunum. Þeir eiga aldrei að standa upp við húsveggi og helst ekki í minna en tíu metra fjarlægð frá húsi,“ upplýsir Gísli en ruslagámar verða oft fyrir barðinu á brennivörgum. „Ef kveikt er í gámi sem stendur upp við húsvegg leitar eldurinn upp eftir veggnum, læsir sig í þakskeggið og þá kviknar oft í innundir þakinu. Við hvetjum því fyrirtækin til að færa gámna frá húsveggjum því ef ársfjöldi

allra bruna í ruslagámum á Íslandi er dreift yfir árið, þá er að meðaltali kveikt í gámum einu sinni til tvisvar í viku,“ segir Gísli og bendir á að breyttar umgengnisreglur kosti fyrirtækin ekki neitt. Þetta geti allir gert með engum tilkostnaði og oftast lítilli fyrirhöfn.

Kerfin verða að virka

Í eldsvoðum í fyrirtækjum síðustu árin hafa oftast ekki engin bruna-viðvörðunarkerfi verið til staðar eða ekki virkað sem skyldi. Gísli segir nauðsynlegt að fyrirtæki láti skoða og taka út brunaviðvörðunarkerfin árlega og passi að þau séu í lagi. „Eldsvoði getur leitt til rekstrarstöðvunar og mörg fyrirtæki ráða ekki við slíkt áfall,“ segir hann og bendir á að þrjátíu prósent af öllum

fyrirtækjum á landinu séu ekki með neinar brunavarnir.

Falskt öryggi

Í flestum fyrirtækjum er að finna slökkvitæki og brunaslöngur. Gísli segir hins vegar að þótt starfsmenn viti af þeim sé sjaldgæft að þeir kunni að nota tækin. „Þetta veitir falskt öryggi sem ekki virkar þegar til kemur,“ segir hann.

VÍS hefur farið í heimsóknir til fjölmargra fyrirtækja um allt land. „Þar höfum við komist að því að í 70 prósentum tilvika hafa starfsmenn ekki fengið þjálfun í notkun slökkvitækja,“ segir Gísli og telur mikilvægt að auk þess að kenna fólk að handla slökkvitæki, haldi fyrirtæki brunaæfingar reglulega og æfi samkvæmt rýmingaráætlun.



Hér hefur ruslatunna bráðnað þar sem kviknað hefur í ruslinu í henni.



Teppin henta vel til þess að slökkva eld í feiti í potti.

NAUÐSYNLEG VIÐBÓT

Eldvarnateppi eru slökkvitæki, auðveld í meðförum og hafa sannað gildi sitt. Rétt notkun hindrar að súrefni komist að eldinum. Við það slokknar hann. Eldvarnateppi henta vel til þess að slökkva eld í feiti í potti og ýmsum smærri hlutum sem hægt er að hjúpa inn í teppið. Á heimilum ættu teppin að vera í eldhúsi, á vegg og nálægt eldhúsdýrum. Eftir notkun má hæglega setja þau aftur í umbúðirnar. Eldvarnateppi koma ekki í staðinn fyrir slökkvitæki. Þau eru nauðsynleg viðbót fyrir þá sem vilja hafa eldvarnir í lagi.

Heimild: www.shs.is



BRUNAÆFING Á HEIMILINU

- 1. **Allir** eiga að vera í sínu herbergi með hurðir lokaðar.
- 2. **Einn** á heimilinu gefur brunamerki með því að kalla ELDUR! ELDUR!
- 3. **Hver** og einn athugi herbergisdýr sínar.
- 4. **Látið** sem dýrnar séu heitar. Notið þá hina flóttaleiðina.
- 5. **Allir** mæti á fyrirfram ákveðinn stað utandyra, einn látinn „kalla til“ slökkviliðið.

www.lydheilsustod.is



Gaseldavélar verða sífellt vinsælli, en af þeim getur stafað eldhætta.

GEYMIÐ EKKI GASKÚTA INNANDYRA

Það færir í aukana að fólk velji sér gaseldavélar og þarf að gæta sérstakrar varúðar hvað varðar meðferð þeirra. Mælt er með því að staðsetja gaskútinn utandyra. Geymið aldrei gasgrill eða gaskúta innandyra. Fjarlægð frá gaseldavél að brennanlegri innréttingu fyrir ofan hana má ekki vera minni en 500 mm. Ef innréttingin er klædd óbrennanlegu efni má þessi fjarlægð ekki vera minni en 350 mm.

www.brunamal.is

FALLEG EN VARASÖM

Kerti eru hvað mest í notkun á þessum tíma árs enda fátt hátíðlegra en bjartur loginn sem af þeim stafar. Það þarf þó að gera ýmsar öryggisráðstafanir þegar eldur er hafður um hönd á heimilum. Á vef Sjóvá-forvarnarhúss er eftirfarandi fróðleik að finna um staðsetningu kerta:

- Hafið kerti á stað þar sem ekki er dragsúgur.
- Kerti má ekki vera í glugga nærri gardínu eða nálægt sjónvarpi eða tækjum sem gefa frá sér hita.
- Gætið þess að logi kertanna nái ekki upp í hillur eða skápa.

- Mishá kerti mega ekki vera of nærri öðru.
- Setjið sprittkerti aldrei beint á dúk eða borð.

Varðandi útikerti gilda eftirfarandi reglur:

- Setjið útikerti ekki á tréþall, garðhúsgögn eða annað efni sem brennur auðveldlega.
- Setjið útikerti þar sem ekki er hægt að reka sig í þau og ekki er hætt á að logar komist í fatnað. Ef snjór eða vatn slettist á vax útikerta þá getur heitt vaxið farið á þann sem stendur nærri.
- Snertið ekki form útikerta þegar kveikt er á þeim og ekki í nokkra stund eftir að slökkt hefur verið á þeim.
- Ekki hella vatni á útikerti ef ætlunin er að slökkva á því – betra er að kæfa eldinn.



Tryggjum öllum börnum gleðileg jól

Taktu þátt í Pakkajólum Bylgjunnar við jólatréð í Smáralind

Gefðu eina aukagjöf um jólin og leggjðu góðu málefni lið. Fjölskylduhjálpi Íslands, Mæðrastyrksnefnd og Hjálparstarf kirkjunnar koma pökkunum til þeirra sem á að gleðja.

Á landsbyggðinni tekur Pósturinn á móti pökkum og kemur þeim í Smáralind sendendum að kostnaðarlausu.

Gefðu eina gjöf og vertu með í Pakkajólum Bylgjunnar.

Við óskum öllum gleðilegra jóla

BYLGJAN
989






Físibelturinn var fundinn upp til þess að glæða eldinn og auka hitastig hans.

Físibelturinn var fyrsta loftpressan

Loftpressur hafa fylgt manninum nánast frá upphafi vega. Ein af fyrstu uppfinningum mannsandans var físibelturinn sem notaður var til að blása lífi í eld svo hann yrði öflugri og heitari og vopnin sem hert voru í honum yrðu harðari og endingarbetri. Fæstum dettur þó sennilega loftpressa í hug þegar þeir sjá físibelt en grundvallarmekaníkin er nákvæmlega sú sama.

Físibeltirnir voru auðvitað frumstæðar gerðir af loftpressum. Járnsmiðurinn notaði kraftana til að toga beltinn í sundur og hleypta inn fersku lofti, þrýsti síðan handföngunum saman og samþjappað súrefnið spýttist út um stútinn á enda físibeltsins



og glæddi eldinn. Þannig reyndist unnt að gera eldinn nógu heitan til að hægt væri að bræða í honum klumpa af kopar, tini, blýi og járn.

Físibelturinn lifir góðu lífi enn í dag í nánast óbreyttri mynd.

Orgel eru til dæmis enn með físibelgi sem hafa lítið breyst í þúsundir ára. Jafnvel háteknigraur eins og öndunarvélar á sjúkrahúsum eru drifnar áfram af físibelt. Svona mætti lengi telja.

Loftpressan hefur því verið snar þáttur í þróunarsögu mannsins og margir halda því fram að framfarir í verkunnáttu hefðu tafist um margar aldir hefði ekki físibelturinn verið fundinn upp.

IR Ingersoll Rand
LOFTPRESSUR Í ÚRVALI
FYRIR IÐNAÐINN, VERKSTÆÐI
OG SJÁVARÚTVEGINN

Klettagördum 8-10 | 104 Reykjavík
 Sími: 590-5100 | www.klettur.is

KLETTUR

Sérhæfa sig í heildarlausnum

Senia ehf. er söluaðili fyrir **Worthington-loftþjökkur** og þar á bæ leggja menn áherslu á að veita góða þjónustu og mæta öllum kröfum viðskiptavinnanna. Auk þess sérhæfir Senia sig í varahlutabjónustu fyrir aðrar gerðir af loftþjökkum frá viðurkenndum framleiðendum.

Worthington framleiddi fyrstu loftþjökkurnar í Massachusetts í Bandaríkjunum 1929 og þegar Atlas Copco keypti Worthington 1971 var það fjórði stærsti loftþjökkurframleiðandi í heiminum,“ útskýrir Ari Jónsson, sölustjóri hjá Senia, spurður hvað Worthington-loftþjökkurnar hafi fram yfir aðrar gerðir. „Í dag fer framleiðslan fram undir merkjum Atlas Copco Group og er allur vélbúnaður fyrir Worthington framleiddur af Atlas Copco,“ heldur Ari áfram. „Worthington sér um heildarlausnir við framleiðslu fyrir viðskiptavinum sína til dæmis þar sem krafist er mikilla loftgæða. Sem dæmi um loftþjökkur frá Worthington, sem eru frá 1kW upp í 240kW, eru olíusmurðar og olíufjárskrúfuloftþjökkur. Hraðastýrðar skrúfuloftþjökkur sem spara mikið raf-

magn, spíral- (Skroll) loftþjökkur fyrir gæðaloft sem hentar vel öllum loftstýrikerfum.

Worthington framleiðir loftþjökkara sem eru einnig til í öllum stærðum, bæði kæliþjökkarar og aðsogspurrkarar með daggarpunkt í mínus 70°C. Einnig framleiðir Worthington loftsiur, loftgeyma og loftlagnaefni ásamt stjórnbúnaði fyrir til dæmis samkeyrslu fleiri loftþjappa. Loftlagnaefnið frá Worthington er mjög fljótlegt í uppsetningu og auðvelt er að breyta lögnum og bæta við án þess að raska við lögnum sem fyrir eru,“ segir Ari.

„Senia ehf. hefur einnig sérhæft sig í varahlutabjónustu fyrir aðrar gerðir af loftþjökkum frá viðurkenndum framleiðendum eins og fjölmargir viðskiptavinir okkar hafa góða reynslu af.“

Þegar spurt er um aðra starfsemi Senia gefur Ari boltann yfir til Almars Eiríkssonar framkvæmdastjóra fyrirtækisins. „Senia var stofnað 1995 og var þá heildverslun fyrir einnota umbúðir,“ segir Almar.

„Um síðustu áramót fékk Senia umboð fyrir Worthington-loftþjökkur. Auk þess erum við með alls konar efnavörur og framleiðum sjálf ýmiss konar hreinsiefni fyrir matvælaframleiðendur og fleiri. Fyrirtækinu er skipt upp í tvær deildir, annars vegar er efnaeildin og hins vegar véladeildin þar sem við erum með loftþjökkurnar og það sem þeim tengist.“

Senia er til húsa að Skútuvogi 1 og þar leggja menn áherslu á að veita góða þjónustu. „Við þjónustum matvælaíðnaðinn og ýmis önnur fyrirtæki eins og til dæmis



„Worthington sér um heildarlausnir við framleiðslu fyrir viðskiptavinum sína,“ segir Ari Jónsson, sölustjóri Senia.

MYND: STEFAN

þvottahús. Það góða við það er að auk þess að kaupa hjá okkur loftþjökkur og þjónustu við þær kaupar

fyrirtæki í matvælaíðnaði einnig hjá okkur hreinsiefni, pappírsvörur og annað sem þau þarfnast,“

Worthington loftpressur

Varahlutir og þjónusta fyrir allar gerðir af loftþjökkum.
 ATLAS COPCO – INGERSOLL RAND – COMPAIR – KAESER – BOGE.
 Vönduð vara á frábæru verði. Gerið verðsamanburð.

Skútuvogi 1E | Sími 595 4000 | www.senia.is


Senia ehf.
 heildverslun

Okkar
hlutverk
er að
dreifa

fjölpósti, blöðum,
 tímaritum, bréfum
 og vörum.

Póst dreifing

Sími 585 8300 - www.postdreifing.is



Stöð 2 Bíó sýnir yfir 200 úrvalskvikmyndir í hverjum mánuði og stöðin fylgir frítt með áskrift að Stöð 2.

Við viljum öll njóta þess besta saman um jólin, hvort sem það er heitt súkkulaði og smákökur eða stórkostleg jóladagskrá Stöðvar 2. Styttum biðina fyrir þau yngstu með vönduðu talsettu barnaefni, upplifum hátíðlega tónleika og hjúfrum okkur saman undir teppi og njótum þeirra fjölmörgu bíómynda sem eru á dagskrá Stöðvar 2 og Stöðvar 2 Bíó um jólin.

Skoðaðu stod2.is og kynntu þér frábæru jóladagskrána okkar til hlítar!

Gefðu áskriftarkort að Stöð 2 í jólagjöf.
Það fæst hjá okkur í Skaftahlíðinni!